

breytingar í atvinnuháttum Íslendinga og í málefnum stéttarféлага og launþega yfirleitt. Hafa áhrif Alþýðusambands Íslands aukizt ár frá ári, og er almennt litið á Alþýðusambandið sem fulltrúa launastéttanna, annarra en þeirra, er starfa í þjónustu hins opinbera. Hefur þetta á margan hátt verið viðurkennt af ríkisvaldinu sjálfu, sem fengið hefur Alþýðusambandinu í hendur mörg og mikilvæg hlutverk sem fulltrúa launastéttanna í landinu. Fer ekki á milli mála, hve þýðingarmikið það er stéttarfélögum eða stéttarfélagasamböndum að vera í Alþýðusambandi Íslands og njóta þannig þeirra réttinda, sem þessi samtök veita launþegum.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 80/1938 er Félagsdómur skipaður fimm mönnum. Eru tveir dómendur skipaðir af Hæstarétti, einn af atvinnumálaráðherra úr hópi þriggja manna, sem Hæstiréttur tilnefnir, einn af Alþýðusambandi Íslands og einn af Vinnuveitendafélagi Íslands, nú Vinnuveitendasambandi Íslands. Er þannig ljóst, að löggjafarvaldið hefur viljað vanda til skipunar Félagsdóms, svo sem bezt varð á kosið.

Pegar framangreind atriði eru virt, er Félagsdómi samkvæmt 44. gr. laga nr. 80/1938 rétt og skylt að fjalla um mál það, er hér liggur fyrir, þ. e., hvort Landssamband íslenskra verzlunarmanna eigi rétt til inngöngu í Alþýðusamband Íslands eða ekki. Verður því frávísunarkrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Frávísunarkrafa Alþýðusambands Íslands er ekki tekin til greina. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 4. apríl 1962.

Nr. 30/1962. **Ákærvaldið**

gegn

**Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni
og Þorgils Þorbergi Stefánssyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 31. janúar 1962 var í sakadómi Keflavíkur kveðinn upp dómur í máli, sem höfðað hafði verið af hálfu ákærvaldsins gegn framangreindum aðiljum. Var ákærði Guðmundur Stefán dæmdur í 28 daga varðhald, hann sviptur ökuréttindum í 2½ ár og dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar, að fráðregnum kr. 1700.00.

Ákærði Þorgils Þorbergur var dæmdur til að greiða kr. 500.00 sekt og kr. 700.00 í sakarkostnað. Ríkissjóði var gert að greiða kr. 1000.00 af sakarkostnaði.

Skipuðum verjanda ákærða Þorgils, Þorvaldi Þórarinsyni hæstaréttarlögmanni, voru ákveðin kr. 1500.00 í málsvarnarlaun.

Dómur þessi var birtur ákærða Þorgils Þorbergi af notario publico í Keflavík 5. febrúar 1962. Tók hann sér viku frest til þess að ákveða, hvort hann áfrýjaði dóminum, og 14. febrúar 1962 tilkynnti hann notario publico, að hann ætlaði að una við dóminn.

Ákærði Sigurður Þorleifsson lýsti því yfir 14. febrúar 1962, að hann vildi una við dóminn að sínu leyti, og 20. febrúar 1962 ákvað saksóknari ríkisins, að dóminum yrði ekki áfrýjað af hálfu ákærvaldsins.

Hinn 2. marz 1962 mætir verjandi ákærða Þorgils Þorbergs, Þorvaldur Þórarinsson hrl., „ótilkvaddur“ í sakadómi Keflavíkur. Lýsti lögmaðurinn yfir því, „að hann óski að kæra málsvarnarkostnaðarákvæði dómsins til Hæstaréttar svo og að skjóta til Hæstaréttar ummælum í forsendum dómsins varðandi ákvörðun sakbornings um val verjanda“. Bárust dóminum síðar skjöl málsins með bréfi saksóknara ríkisins, dags. 13. marz s.l.

Þorvaldur Þórarinsson hrl. hefur ritað greinargerð fyrir Hæstarétti í kærumálinu. Eru kröfur hans í 2 liðum: 1. Hann telur, að skipting málskostnaðar sé ósanngjörn og 2. hann telur, að málsvarnarlaun þau, sem honum voru dæmd, séu of lág.

Saksóknara ríkisins hefur verið kunngerð kærán, en hann hefur ekki séð ástæðu til að hafa afskipti af málinu.

Um 1. Samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 82, 21. ágúst

1961 ber kæranda að „lýsa kæru sinni innan sólarhrings, frá því er honum var birt ákvörðun sú, er hann vill kæra“. Ákærða Þorgils var, eins og að framan getur, birtur dómurinn í málinu 5. febrúar 1962, án þess að hann gerði neinar ráðstafanir til þess að kæra þenna þátt málsins. Verður því að vísa kæru verjanda hans frá Hæstarétti, að því er tekur til málskostnaðargreiðslu hans.

Um 2. Samkvæmt 4. tölulið 171. gr. laga nr. 82/1961 getur saksóknari einn kært til æðra dóms eða leyft aðilja að kæra ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Af framlögðum gögnum verður eigi séð, að saksóknari hafi veitt leyfi til kæru þessarar, og ber því þegar af þeirri ástæðu að vísa þessum lið málsins frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Dómur sakadóms Keflavíkur 31. janúar 1962.

Ár 1962, miðvikudaginn 31. janúar, var sakadómur Keflavíkur settur af fulltrúa bæjarfógeta á skrifstofu embættisins og haldinn þar með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að kveða upp dóm í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni og Þorgils Þorbergi Stefánssyni.

Mál þetta var þingfest og dómtekið, að því er ákærða Sigurð varðar, í sakadómi 30/8 s.l., en að því er Þorgils varðar, í dag.

Með ákæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 8. ágúst 1961, er Sigurður Guðmundur Stefán Þorleifsson, Birkiteig 18, Keflavík, ákærður fyrir að hafa að kveldi laugardagsins 3. júní s.l., undir áhrifum áfengis, ekið bifreiðinni M 294 um götur Keflavíkur, án þess að hemlar bifreiðarinnar, ljósker og hraðamælir væru í fullkomnu lagi og án þess að sýna næga aðgæzlu við nefndan akstur, þar sem börn voru að leik, því er hann ók eftir Hringbraut, varð stúlkan Þórunn Sigurðardóttir fyrir bifreiðinni og slasaðist nokkuð og enn fremur fyrir að hafa horfið af vettvangi, án þess að skýra lögreglunni frá slysinu.

Telst brot þetta varða við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga 26/

1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga 58/1954.

Með sama ákæruskjali er Þorgils Þorbergur Stefánsson, Kalastöðum, Hvalfjarðarströnd, jafnframt ákærður fyrir að hafa að kveldi sama dags, undir áhrifum áfengis, ekið sömu bifreið um vegi í Keflavík í því ástandi, sem fyrr segir um bifreiðina.

Telst brot þetta varða við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 26. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga 58/1954.

Þess er krafist, að báðir ákærðu verði dæmdir til refsingar, til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Sigurður er á sakhæfisaldri og er fæddur 14/3 1935 að Arnardal á Ísafirði, og hefur hann, svo kunnugt sé, sætt kr. 50.00 sekt á Keflavíkurflugvelli fyrir brot á lögum nr. 73/1952 hinn 19.11. 1958.

Ákærði Þorgils er á sakhæfisaldri og er fæddur 24.7. 1927 að Kalastöðum á Hvalfjarðarströnd, og hefur hann sætt refsingum, svo kunnugt sé, sem hér segir:

1957 14/3 Keflavíkurflugv.: Sátt, kr. 150.00 sekt fyrir umferðarlagabrot.

1958 18/4 Sama umdæmi: Sátt, kr. 400.00 fyrir tolllagabrot.

1958 4/11 Sama umd.: Dómur, 15 daga varðhald, svipting ökuleyfis í 12 mánuði fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.

Málsatvik skulu nú rakin:

Laugardaginn 3. júní 1961 kom ákærði Þorgils á bíl sínum, M 294, heim til ákærða Sigurðar að Birkiteig 18. Ákærði Sigurður segir þá þar hafa hafið áfengisdrykkju saman. Því neitar ákærði Þorgils eindregið, og vitnið Rósa Geirprúður Halldórsdóttir, kona Sigurðar, segir í sakadómi, ekki hafa séð þá drekka neitt áfengi þar. Eftir nokkra viðdöl þarna ekur ákærði Þorgils þeim heim til sín að Vesturgötu 12. Þar sé þá vitnið Jóhanna Waage, og segist hún ekki hafa séð vín á þeim og ekki séð þá drekka þar. Þessu næst ekur ákærði Þorgils heim að Greniteig 4, og verða þeir ákærði viðskila þar. Vitnin Guðmundur Stefánsson og Ingibjörg Guðleifsdóttir, kona hans, sem þar búa, segjast ekki hafa séð vín á ákærða Þorgils, þegar hann kom þangað, en þó hafði ákærði Þorgils vín með sér þangað og neytti þess þar með húsráðanda.

Ákærði Sigurður tekur bílinn M 294 þessu næst í óleyfi og ekur honum brott, og segir hann í sakadómi, að hann hafi ætlað

eftir gosdrykkjum til áfengisblöndunar. Við sampröfun ákærðu kemur fram, að þessi för ákærða Sigurðar var ekki farin með vilja eða vitund ákærða Þorgils.

Af ökuför ákærða Sigurðar er það að segja, að hann ók bifreiðinni M 294 inn á Vatnsnestorg og keypti þar öl. Þaðan ók hann upp á Faxabraut og um Hringbraut. Skammt frá Sölvabúð segist ákærði Sigurður hafa séð börn að leik á götunni fram undan, og hugðist hann þá hemla, en þar sem hemlar virkuðu ekki, sveigði hann til vinstri frá barni, sem hljóp út á götuna. Ekki tókst þó betur til en svo, að bifreiðin lenti á barninu „og bögladist það undir bifreiðina“.

Parna greip ákærða „ólýsanlegur óhugur og hræðsla“ og ók hann af slysstað og lagði bifreiðinni nálægt þeim stað, er hann tók hana.

Vitnið Þórheiður Kristjánsdóttir sá, hvar ákærði Sigurður steig úr bílnum og gekk frá honum, eins og hann ætlaði að láta hann eiga sig. „Gekk hann dálítinn spöl, skimaði svo í kring um sig, sneri síðan við og kom að bílnum og þurrkaði framan af honum mjög vandlega og hljóp síðan í burtu.“ Virtist vitninu fát vera á manninum. Ákærði Sigurður mótmælti því, að hann hefði þurrkað af bílnum.

Lögreglan hóf þegar rannsókn á slysinu, sem leiddi til þess, að bifreiðin fannst strax, þar sem fyrr segir, og skömmu síðar veittu lögregluþjónar athygli tveim ölvuðum mönnum, sem gengu austur Vesturgötu, og voru þar komnir þeir ákærðu Sigurður og Þorgils, og voru þeir teknir í vörzlu lögreglunnar.

Við athugun bifreiðaeftirlitsins á bílnum M 294 komu í ljós eftirfarandi gallar:

„Fóthemlar voru þannig, að hemlaför voru jöfn eftir öll hjól, fetill gekk því sem næst að gólfi, en virkaði þó eðlilega á hemla. Handhemill var óvirkur og hraðamælir einnig. Geisli á hægri framljósi brunninn.“

Ákærði Þorgils, eigandi bifreiðarinnar, kvaðst í sakadómi hafa vitað um þessa galla að undanskilinni bilun á ljósi, enda ekki ljós notuð á þessum árstíma.

Um stúlkuna, sem ekið var á, er það að segja, að hún var strax flutt til læknis, sem saumaði saman skurð, sem hún hafði fengið á enni. Samkvæmt upplýsingum móður stúlkunnar nú fyrir skömmu, grerir skurður þessi fljótt og vel, en stúlkan hefur þó lítið ör á enninu eftir áverkann.

Svo sem nú hefur verið rakið, þykir sannað með játningu ákærða Sigurðar svo og á annan hátt, að hann hafi að kveldi laugardagsins 3. júní s.l., undir áhrifum áfengis, ekið bifreiðinni M 294 um götur Keflavíkur, án þess að hemlar bifreiðarinnar, ljósker og hraðamælir væru í fullkomnu lagi og án þess að sýna næga aðgæzlu við nefndan akstur, þar sem börn voru að leik, svo að er hann ók eftir Hringbraut, varð stúlkan Þórunn Sigurðardóttir, Smáratúni 46, Keflavík, fyrir bifreiðinni og slasaðist nokkuð, og enn fremur að hafa eftir slysið horfið af vettvangi án þess að skýra lögreglu frá því.

Telst þetta réttilega í ákæru varða við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislagala nr. 58/1954.

Ákærði Sigurður er frá barnmargri fjölskyldu, sem fluttist fyrir u. þ. b. 10 árum úr nágrenni Ísafjarðar hingað á Suðurnesin. Hann virðist hafa stundað alla almenna verkamannavinnu og er nú kvæntur og á ung börn.

Með því hátterni sínu, sem lýst er hér að framan, hefur ákærði Sigurður unnið til refsingar, sem þykir hæfilega ákveðin 28 daga varðhald. Þá greiði hann kostnað sakar þessarar að frádregnum kr. 1.700.00.

Þá ber og að svipta ákærða Sigurð ökuréttindum, og þykir hlíta, að hann verði sviptur ökuréttindum tvö og hálft ár frá dómsbirtingu.

Svo sem rakið er í ákæruskjali, er ákærði Þorgils fyrst og fremst ákærður fyrir ölvunarakstur, en svo sem rakið hefur verið í dómi þessum, eru ekki í ljós leiddar sannanir fyrir sekt ákærða Þorgils, hvað þetta ákæruatriði áhrærir, og þótt meðákærði Sigurður beri, að ákærði Þorgils hafi hafið áfengisdrykkju á heimili ákærða Sigurðar, þá er sá framburður óstöðugur og ekki studdur framburði annarra vitna, en allur vafi um þetta atriði verður að metast ákærða Þorgils í vil. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða Þorgils af þessu atriði ákærunnar.

Um hitt atriði ákærunnar gegnir öðru máli. Samkvæmt vottorði bifreiðaeftirlitsins voru þeir gallar á bíl ákærða, M 294, að fóthemblufetill gekk því sem næst að gólfi, en virkaði þó eðlilega á hemla. Handhemill var óvirkur svo og hraðamælir, og geisli á hægri framljósi brunninn. Ákærði Þorgils viðurkenndi í saka-

dómi, að hafa vitað um þessa ágalla að undanskilinni bilun á ljósi. Rétt er að benda á, að telja má sennilegt, að gallarnir á hemlunum hafi á sinn hátt átt þátt í slysalegum akstri ákærða Sigurðar. Samkvæmt framansögðu er sannað, að ákærði Þorgils ók bifreiðinni M 294 um vegi í Keflavík, án þess að hemlar bifreiðarinnar væru í fullkomnu lagi.

Telst þetta réttilega heimfært í ákæruskjali undir 2. mgr. 26. gr., 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, og þykir refsing ákærða Þorgils hæfilega ákveðin kr. 500.00 sekt í ríkissjóð, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd.

Þar eð ákærði Þorgils hefur verið sýknaður af aðalákæru ákæruvaldsins, hlýtur ríkissjóður að bera sakarkostnað hans að mestu leyti. Þess ber þó að geta, að ákærði Þorgils kaus sér verjanda úr öðru byggðarlagi, þótt hér séu allmargir lögfræðingar tiltækir, og greiði ákærði kr. 700.00 í sakarkostnað, en málf lutningslaun skipaðs verjanda ákærða Þorgils þykja hæfilega ákveðin kr. 1.500.00.

Hákon Heimir Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan, og er þess að geta, að rannsókn málsins hefur tafizt nokkuð, vegna þess að strax eftir atburði þá, sem lýst er í dómi, fóru ákærðu báðir brott úr umdæminu til síldveiða og annarar vinnu, og kom annar ekki hingað aftur fyrr en seinni-part þ. m., en hinn litlu fyrr.

Dómsorð:

Ákærði Sigurður Guðmundur Stefán Þorleifsson sæti 28 daga varðhaldi. Hann skal sviptur ökuréttindum í tvö og hálf ári frá birtingu dóms þessa. Hann greiði allan kostnað sakar þessarar að frádregnum kr. 1.700.00.

Ákærði Þorgils Þorbergur Stefánsson skal greiða kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd. Hann greiði kr. 700.00 í sakarkostnað, þ. e. hluta af launum skipaðs verjanda síns, hr. Þorvalds Þórarinssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 1.500.00. Ríkissjóður greiði kr. 1.000.00 af kostnaði sakar þessarar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.